

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætlað má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillilega hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. des. ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 29,00 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 121,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:	Kr.
Gjald á heimæð	12 715,00
0—300 m ³	
300—1000 m ³ kr./m ³	15,15
100 og yfir kr./m ³	10,21
1 aðrennslisemill á grind	3 321,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimild að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynn með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 200,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenærsem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fellt eldri gjaldskrá sama efnis nr. 282 24. maí 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- a) Fastagjald, kr. 38,60 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 97,70 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr. 32,50
Heitt vatn	kr. 65,20

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.